

Skýrsla stjórnar Samtaka upplýsingatækni- fyrirtækja

Starfsárið 2015-2016



Formaður stjórnar:

Haukur Þór Hannesson, AGR

Varaformaður:

Ragnheiður H Magnúsdóttir, Hugsmiðjan

Meðstjórnendur:

Finnur Oddsson, Nýherja

Heimir Fannar Gunnlaugsson, Microsoft

Jóhann Þór Jónsson, Advania

Pétur Orri Sæmundsen, Kolibri

Sigurður Stefánsson, CCP

Tengiliður við SI

Elínros Líndal

Í lok starfsárs 2014-2015 eru innan SUT, Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja, tæplega 60 fyrirtæki, bæði stór og smá, sem starfa á fjölbreyttum vettvangi upplýsingartækniiðnaðar. Velta UT nam 85 milljörðum 2014 og nær líklega 100 milljörðum 2015. Fjarskiptin veltu 55 milljörðum 2014 og líklega svipað 2015. Meðalvöxtur síðustu ára hefur verið um 20%. Útflutningur hugverka, fjarskipta og upplýsingaþjónustu var 44 milljarðar 2014. Miðað við fyrstu tvo ársfjórðunga 2015 tvöfaldast útflutningurinn og verður allt að 90 milljarðar 2015. Alls unnu um 4.500 manns í UT beint árið 2014 og um 3.500 í fjarskiptageiranum. Verðmætasköpun: Hluttur UT og fjarskipta í landsframleiðslu árið 2014 var 4,9% - Til samanburðar var vægi fiskveiða 4,9%, stóriðju 2,4%, byggingariðnaðar 4,9%

Stjórnin hefur haldið alls átta stjórnarfundum á árinu og var Ragnheiði H. Magnúsdóttur falið varaformannsembættið. Mótaðist fyrri hluti starfsárs SUT af vinnu við stefnumótun, gera verkefni sýnileg og koma upp góðri heimasíðu sem og facebook síðu fyrir SUT. Seinni hluti ársins fór í að vinna verkefni á borð við VSK mál SUT tengt RB, sem og að finna leið til að veita SUT fyrirtækjunum betri þjónustu við kjarasamninga, innleiða betri skilning á umhverfi SUT fyrirtækja, gera efnahagsgreiningar á iðnaðinum, og markaðsrannsókn í lok ársins. Lobbyera fyrir því að gera Ísland aðlaðandi fyrir erlenda sérfræðinga, hækka endurgreiðslu á R&D og tala fyrir auknum fjármunum í Tækniþróunarsjóð.

Stefnumótun stjórnar SUT

Í stefnumótun SUT kom stjórnin sér saman um að skilgreina tilgang sinn: Að þróa og kynna UT fyrirtæki þannig að UT verði áhugaverðasti iðnaður landsins. Málúð var mynd af framtíðinni þar sem megin þættir voru skilgreindir sérstaklega: Umhverfi fyrir skapandi fólk (ímynd UT), regluverk fyrir UT og innra starf SUT sem og áhrif á aðra hópa.

Þau málefni sem Stjórn SUT vildi leggja áherslu á í umhverfi UT er að fá miklu fleiri konur til að starfa við greinina. Að breyta áherslum í menntamálum, þannig að forritun sé kennd á öllum skólástigum. Að UT bransinn laði til sín gott fólk og stöðug nýliðun eigi sér stað í þessari ört vaxandi grein. Stöðugt flæði af góðu fólki erlendis frá sem og að Ísland væri samkeppnishæft gagnvart umheiminum. Sýna fram á að þetta er hálaunaumhverfi og það sé meðbyr og kott karma gagnvart UT í landinu. Að almenningur fái hlutdeild og skilji virði UT. Eins vildi SUT koma andliti á upplýsingatæknina og laga ímyndarvanda: Nördar, tilboðsgerð, lítið samstarf og einsleitur iðnaður. SUT vildi sýna fram á að UT sé skapandi iðnaður og að upplýsingatæknin sé samtvinnuð í allt. Að 65% af störfum barna okkar séu ekki til í dag og benda á hvernig menntakerfið þurfi að breytast í takt við þessar forspár. SUT ákvað að setja á laggirnar viðburð einu sinni í mánuði til að auka tengsl á milli fyrirtækja í SUT sem og að benda almenningi á virði UT fyrir alla. Eins var áðveðið að SUT myndi rækta tengiliði inn í fjölmiðlaumhverfinu, inn í stjórnsýslunni (Elínros fundaði mánaðarlega með fjármálaráðuneytinu sem og atvinnu og nýsköpunarráðuneytinu um málefni UT, heimsótti reglulega stofnanir og fyrirtæki innan SUT). Pétur stjórnarmaður SUT leiddi stefnumótunina og verkefnum stjórnarinnar var komið upp í Trello til að auka á sýnileika og framgang verkefna.

UT áhugaverðasti iðnaður landsins

Ákveðið var að fara í ímyndaherferð í gegnum m.a. samfélagsmiðla og fjölmiðla. SUT heimasíðan á SI vefnum var breytt þannig að hún endurspeglaði tilgang félagsins og framtíðarsýn. Stofnuð var ný heimasíða SUT á Facebook, þar sem póstað var reglulega fréttum um greinina. Viðskiptastjóri beindi blaðamönnum í áttina að fyrirtækjunum innan SUT og ef eitthvað nýtt gerðist hjá fyrirtækjunum var því póstað á SUT síðuna. Hagtölugreining var framkvæmd í nokkrum liðum á árinu og voru gögnum beint í fjölmiðla í gegnum SUT stjórn (viðtöl í blöðum), sem og á samfélagsmiðlum. Þetta skipti miklu máli að mati stjórnarinnar í að sýna fram á hvað iðnaðurinn er áhugaverður. Hafið er starf með Norðurskautinu í að koma efninu okkar á framfæri myndrænt og hefur SI tekið vel í þessa stefnu SUT og ætla að vinna málin áfram. Almar Guðmundsson framkvæmdastjóri SI var einnig duglegur að koma fram í fjölmiðlum og tala um iðnaðinn og tölurnar um hann.

Lunch Code SUT

Alls hafa verið haldnir þrjú Lunch Code fundir SUT. Sá fyrsti velti upp hvort tæknifólk væri skapandi. Pétur Orri Sæmundsen ræddi hvernig upplifun er að hafa hönnuð í teymi í UT. Dóra Ísleifsdóttir frá Listaháskólanum velti fyrir sér hvort hún ætti heima í tölvuheimi og DJ Flugvél og geimskip sýndi okkur hvernig tónlistarfólk er UT fólk, með gjörningi sínum; Allt að gerast í einum haus. Annar Lunch Code fundur SUT fjallaði um konur í UT – Tölvuheimur kvenna. Þar ræddi Ragnheiður H Magnúsdóttir um framtíð kvenna í UT, Magnús Ingi Óskarsson frumkvöðull ræddi mikilvægi fjölbreytileikans og Ingibjörg ÓskJónsdóttir ræddi endurkomu kvenna í tækni. Þriðji fundurinn fjallaði um hlutverk Tækniþróunarsjóðs í nýsköpun UT fyrirtækja. Þar ræddi Hrund Gunnsteinsdóttir formaður Tækniþróunarjódss um nýja stefnu sjóðsins og tækifæri því tengt. Jói Sigurðsson stofnandi CrankWheel fjallaði um mikilvægi Tækniþróunarsjóðs fyrir ung fyrirtæki og Vilborg Einarsdóttir framkvæmdastjóri Mentor ræddi um þýðingu sjóðsins fyrir fyrirtæki á borð við Mentor. Fundirnir hafa verið haldnir í Gamla bíói mánaðarlega.

Hagtölugreining SUT / Markaðsrannsókn SUT

Unnið var markvisst með Hagstofunni í að flokka UT geirann sérstaklega og tókst það verkefni ágætlega, en nú má sjá á vef Hagstofunnar UT sem sér atvinnugreinaflokk. Haldið verður áfram þessari vinnu, þá sér í lagi að fá fleiri undirflokk, ss leikjaframleiðendur o.fl. Framar í skýrslunni má lesa til um helstu niðurstöður hagtölugreiningar SUT og sýndu útflutningstölur fram á mikinn vöxt í greininni. Stjórn SUT samþykkti að fara í markaðsrannsókn á árinu, og fór töluverð vinna í að finna út hvað yrði spurt um. Áveðið var að fara í frekar grófar flokkanir til að byrja með. Sent var einungis á SUT fyrirtækin til að byrja með og verður niðurstaða send á öll fyrirtækin. Ljóst er að SUT stjórnin næsta þarf að sannfæra félagasína um ágæti þessarar

rannsóknar ennþá frekar til að auka þátttöku í rannsókninni, en svarhlutfall stærri fyrirtækja innan SUT var góð, en helmingur félagsmanna svaraði.

Auka framboð menntaðs starfsfólks á Íslandi –

Samtal við menntamálaráðuneytið varðandi kennslu forritunar á öllum skólastigum.

- Nánara samtali milli UT greina og framhaldsskóla
- Auka margmiðlunarkennsluefni, bæði hugbúnaði til að móta kennsluefnið í og fjármagn til að greiða fyrir vinnu við kennsluefnið

Verið að skoða tækifæri til sameiginlegs átaks með menntamálaráðuneytinu í þessari vinnu og umræða farin af stað við aðila innan ráðuneytisins.

SI samþykkt að styðja við verkefnið fari það af stað. SUT tekur þátt í hinum ýmsu verkefnum til að efla menntun í iðnaðinum, m.a. Forritarar framtíðarinnar, GERT, Girls ITC day, Game Creator, Íslandsmót iðn- og verkgreina, UT messunni, Boxið, Verk- og tækninám – nema hvað? og NKG. Svo er forritun á alþingi verkefni sem er að fara af stað sem og menntaverkefni með fjarskiptafyrirtækjum SUT sem er ennþá í mótun.

Samstarf um að laða til landsins erlenda sérfræðinga

Viðskiptastjóri SUT og Katrín Dóra mennta og mannauðssérfræðingur SI tóku að sér að greina málefni er varða erlenda sérfræðinga hér á landi og gerðu gögn fyrir m.a. fjármálaráðherra um leiðir til að gera Ísland meira aðlaðandi í þessum skilningi. Samkvæmt gögnunum erum við í 70 sæti í að laða til okkar erlenda sérfræðinga og var komið með ýmsar tillögur að breytingum sem unnið var með fjármálaráðuneyti (skattaafsláttur), innanríkisráðuneyti (útlendingalöggjöfin) og velferðarráðuneytinu (breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga / fá ráðuneytið til að vera meira bjóðandi og hraða umsóknarferlinu). Í lok síðasta árs mátti sjá afrakstur þessarar vinnu, þar sem fjármálaráðherra setti á stefnuskrá sína að laða til landsins erlenda sérfræðinga, m.a. með skattaafslætti. Þessa breytingu lofaði hann að fara áfram með á vetrarþingi. Sem dæmi um árangur – hafa Útlendingastofnun – og Vinnumálastofnun gert breytingar á vinnulagi sínu, og afgreiða nú málin samhliða, sem hraðar ferlinu. Skýrasta dæmið um þetta er 3 vikna afgreiðslutími umsóknar um áramótin.

Atvinnulöggjöfin er ennþá í vinnslu og Elínros og Katrín að vinna það með Velferðarráðuneytinu. Ljóst er að ekki nást fram allar kröfur, en komið er vel til móts við okkar þarfir og fá ráðuneytin mikið hrós fyrir samstarfsvilja í þessum efnum.

Útlendingalöggjöfin er búin að fara í umsagnarferli á þingi og eru þar mikilvægar breytingar s.s. kvöð á fyrirtækjum um að leggja fram sakarvottorð fyrir umsækjanda í upphafi ferilsins, en nú er verið að skoða að því verði seinkað í ferlinu. Þessi löggjöf bíður afgreiðslu þingsins.

Virðisaukaskattur

Mál sem tengist samkeppnisumhverfinu dúkkaði aftur upp hjá SI. Það á sér langa sögu nú síðast með samskiptum SI við RSK á árunum 2011-2012, þá vegna breytinga á rekstrarformi RB yfir í hf. og kaupa þeirra á Teris án þess að nokkur niðurstaða fengist í málinu.

Málið fjallar um meðhöndlun virðisaukaskatts á þjónustu upplýsingatæknifyrirtækja við bankana og önnur fjármálafyrirtæki. Á fundi SI með fulltrúum RSK kom skýrt fram að þóknun aðila fyrir vinnu, sem unnin er fyrir fjármálafyrirtæki, **sé undanþegin virðisaukaskatti** þegar telja má vinnuna eðlilegan og nauðsynlegan þátt í starfsemi viðkomandi fjármálafyrirtækja **og veitt er í tengslum við fjármálagjöringu**. Vísaði RSK í því sambandi til tveggja álita frá 1990 og 1993. Einnig kom skýrt fram hjá fulltrúum RSK að engu máli skipti hvort RB eða önnur upplýsingatæknifyrirtæki eru að þjónusta fjármálafyrirtækin. Sömu leikreglur eiga að gilda fyrir alla og lög um fjársýsluskatt sem tóku gildi 2012 breyta engu í því samhengi.

Það er síðan eðli máls samkvæmt erfitt að átta sig á því hvenær vinnan telst „eðlileg og nauðsynlegur þáttur í starfsemi viðkomandi fjármálafyrirtækja“. Ljóst er að RB er búinn að fá bindandi álit frá RSK um þessa hluti en það álit hefur ekki farið út fyrir raðir RB. Bankarnir hafa ekki sinnt sinni upplýsingaskyldu um þetta þrátt fyrir skýr skilyrði Samkeppniseftirlitsins þar að lútandi.

RSK virðast átta sig á alvarleika málsins, þ.e. skort á leiðbeiningum fyrir aðila á markaðnum, aðra en RB, sem eru að þjónusta fjármálafyrirtækin. 16. febrúar 2015 barst bréf frá RSK þar sem fyrri álit eru árétuð og skýrð. Þar er m.a. að finna upptalningu á VSK skyldri þjónustu og undanþeginni þjónustu þó hvorugur listinn sé tæmandi og viðbúið að ýmis álitaefni eigi eftir að koma fram.

SI hafa einnig fylgt eftir bréfi sínu til Samkeppniseftirlitsins (SE) og fundað með þeim. Þar var einkum fjallað um þau skilyrði sem SE setti bönkunum fyrir samrunanum við Teris 2012, þá sérstaklega skyldu þeirra að framkvæma ávallt útboð eða verðkönnun og þá skyldu þeirra að skilgreina strax í upphafi hvernig meðferð VSK af þjónustunni skuli háttað, óháð því hver verkseljandinn er.

Verkefni SI hafa verið að hamra á þessari skyldu fjármálafyrirtækja sem hlut eiga í RB um verkferla við útboð. Í byrjun ársins 2015 fór SI á fund með Herði Helga Helgasyni kunnáttumanni vegna sáttar RB og hluthafa í máli SE 14/2012. Út frá þeirri heimsókn var ákveðið að SI tæki saman öll þau mál sem finnast þar sem líkur eru á að brotið sé gegn skilyrðum sáttarinnar. Einnig var rætt um að SUT fyrirtækin útskýrðu fyrir RSK hvar VSK lögin eru óskýr til að rétta samkeppnisstöðu á markaði gagnvart UT fyrirtækjum og RB.

Kunnáttumaður og viðskiptastjóri SUT heimsóttu þrjú UT fyrirtæki á árinu og ræddu mál þar sem fyrirtækin töldu brot á sáttinni. Eitt UT fyrirtæki tók að sér að útskýra fyrir RSK hvernig VSK reglur á markaði gagnvart RB eru óskýr. Nú vinnur SUT í að skrifa kunnáttumanni formlegt

bréf þar sem rakið er hvar sé brotið á sáttinni gagnvart UT fyrirtækjum innan SUT til að kunnáttumaður geti rannsakað hvort mögulegt brot hafi átt sér stað. Málinu verður haldið á lofti áfram. En það virðist vera vilji til að rétta stöðu á markaði, en erfitt að finna gögn um málið.

Samkeppnishæfni UT-iðnaðarins

Það hefur verið sameiginlegt markmið að samkeppnishæfni UT iðnaðar sé a.m.k. á pari við það sem best gerist í heiminum. Í umræðu um framleiðniaukningu fyrirtækja er vitað að þar leikur hugbúnaður og hugbúnaðarþróun stórt hlutverk.

Ýmislegt jákvætt hefur gerst og má nefna:

- Hækkun framlags í Tækniþróunarsjóð í 2.347 millj. eða um tæplega 975 millj.
- Aukið fjármagn inn í frumkvöðlaumhverfið td. fjármögnun Frumtaks 2
- Endurgreiðslur rannsókna- og þróunarkostnaðar voru framlengdar til ársins 2019
- Aukið vægi vísinda- og tækniráðs og aðgerðaráætlun þeirra sem tók mið af áherslum SI í meira mæli en áður

Verið er að vinna að:

- Koma á skattaafslætti vegna fjárfestinga í frumkvöðlafyrirtækjum á sviði UT
- Sértekur breytingar gerðar á útlendingalöggjöf þannig að upplýsingartæknifyrirtæki eigi hægara um vik að ráða erlent starfsfólk / sú vinna gengur vel.
- Bætt hagtölugerð til betri ákvörðunartöku, en nú má sjá sér flipa á vef Hagstofunnar um UT.

Í þeim áherslum sem framundan eru þarf að leggja ríka áherslu á:

- Endurbæta löggjöf og vinnuferli yfirvalda vegna afdráttarskatta vegna sölu í löndum án tvísköttunarsamninga og átak í fjölgun tvísköttunarsamninga við erlend ríki
- Aukinni útvistun ríkisstofnana
- Skattaafsláttur fyrir erlenda sérfræðinga
- Þökin af R&D hér á landi og hækkun á endurgreiðsluprósentu.

Þetta eru allt verkefni sem SI – SUT vinna eða munu vinna að í samvinnu við fjölmarga aðra aðila.

Íslandsstofa og samstarf UT fyrirtækja í útflutningi

Á undanfögnu ári hefur vinna innan Íslandsstofu mestmegnis farið fram í fagráði undir sviðinu iðnaður og þjónusta þar sem fulltrúar SUT hafa tekið þátt ásamt öðrum hugverkagreinum. Þar var byrjað á stefnumótandi vinnu en fókusinn er að finna „bestu“ leiðir fyrir Íslandsstofu til að kynna vörur og þjónustu fyrirtækja í hugverkaiðnaði og átta sig á mismunandi áherslum innan hópanna. Út úr verkefninu varð til vefsvæðið www.smidjan.islandsstofa.is sem hefur að

geyma verkfærakistu, markaðsefni, og upplýsingar um þjálfun, sem fyrirtæki geta nýtt sér við markaðssetningu á vörum og þjónustu inn á erlenda markaði.

[Þátttaka SUT í viðburðum](#)

UT messan

[UTmessan](#) var haldin í fimmta skiptið þann 6. og 7. febrúar 2015, í Hörpu. Að UTmessunni stendur Ský í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands og Samtök iðnaðarins (SUT, IGI og SSP).

UTmessan er orðinn einn stærsti viðburður ársins í tölvugeiranum og hefur verið haldin árlega frá árinu 2011. Tilgangurinn er ekki síst að sýna almenningi hversu stór og umfangsmikil þessi grein er orðin hér á landi. Á UTmessunni sést fjölbreytileiki upplýsingatækninnar og að allir hafa möguleika á að starfa í tölvugeiranum. Starfssviðið UT er breitt og fjölbreytt og hentar bæði konum og körlum.

Á messunni er hefð fyrir því að afhenda UT verðlaun Ský og féllu þau í skaut Rakelar Sölvadóttur frumkvöðuls og stofnanda Skema og Recode 2014 en árið 2015 hlaut þau Hjálmar Gíslason frumkvöðull og stofnandi m.a. DataMarket sem selt var til Qlik í desember 2014.

SUT skipulagði [Tækninistigann](#) sem verður áberandi á næstu UT messu, þann 5. – 6. febrúar á þessu ári. Stiginn verður táknrænn fyrir allar þær hugmyndir sem eiga rætur sínar að rekja til Íslands. Hann sýnir samvinnu nýrra fyrirtækja og þeirra sem lengra eru komnir. Samstöðu um breytt Ísland sem þessi fyrirtæki þurfa til að ná markmiðum sínum hér á landi sem og erlendis. Síðast en ekki sýst táknar stiginn tækifærin sem hátækniiðnaður og UT er að skapa þvert á annan iðnað fyrir almenning í landinu.

BOXIÐ – framkvæmdakeppni framhaldsskólanna

[BOXIÐ](#) var haldið í fimmta sinn 31. október s.l. í HR. En keppnin er haldin af SI, HR og Sambandi íslenskra framhaldsskólanema. Allir framhaldsskólar landsins geta tekið þátt í forkeppni en átta lið komast áfram í lokakeppnina. Markmiðið er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði. Aðkoma og þátttaka fyrirtækja úr ólíkum iðngreinum er lykillinn að keppninni en átta fyrirtæki taka þátt í hvert sinn og hanna þraut sem tengist starfsemi þess. Þau SUT fyrirtæki sem hafa tekið þátt eru Mentor og Betware 2011, Marorka og Skema 2012 og Marorka, Skema og TM Software 2013 og Advania og Stiki árið 2014. Að þessu sinni tóku þátt Advania, Stiki og Össur.

Stjórnir og vinnuhópar sem SUT á fulltrúa í

Hátækni- og sprotavettvangur - HSV

Markmið vettvangsins er að vinna að eflingu starfsskilyrða og uppbyggingu tækni- og hugverkafyrirtækja á Íslandi. Þar hafa tækni- og hugverkahópar innan SI átt sæti ásamt fulltrúum forsætisráðuneytisins, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins og velferðaráðuneytisins. Starfsmaður vettvangsins er Haukur Alfreðsson og hefur verið í 80% starfshlutfalli. Fulltrúi SUT á síðasta starfsári var Ragnheiður H Magnúsdóttir framkvæmdastjóri Hugsmiðjunnar. Á Tækni og hugverkafyrirtækjum þann 4. desember 2015, kynnti Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra aðgerðaáætlun í þágu frumkvöðla og sprotafyrirtækja undir heitinu Frumkvæði og framfarir. Áætlunin byggir á 22 aðgerðum sem miða að því að starfsumhverfi fyrir frumkvöðla, sprotafyrirtæki og nýsköpunarstarf á Íslandi standist allan alþjóðlegan samanburð. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra tilkynnti um hækkun fjármagns til samkeppnissjóða, hærri endurgreiðslu á R&D, og breytingum á skattaumhverfi til að gera það vænlegra fyrirtækjum í landinu, s.s. skattalega hvata í nýsköpunarfyrirtækjum og breytingar á skattlagningu umbreytanlegra skuldabréfa, að hún elti greiðslufæðið. Eins tilkynnti ráðherra að hann færi með fram á vetrarþingi tillögu um skattaafslátt fyrir erlenda sérfræðinga, til að gera landið meira aðlaðandi fyrir þá.

Hagnýting internetsins

Starfshópur um hagnýtingu internetsins var skipaður í byrjun ársins 2015 og situr Ragnheiður H Magnúsdóttir í hópnum fyrir hönd SUT. Hún hefur unnið að málefnum er varða samkeppnishæfni þjóðarinnar, menntun og skilning á breyttu umhverfi fyrir hönd SUT í starfshópnum. En þess má geta að aðgerðaráætlun ráðherra á þessu ári tók mið af verkefnum starfshópsins.

ICEPRO

Icepro er hlutlaus samstarfsvettvangur opinberra aðila, einkafyrirtækja og lausnaraðila um rafræn viðskipti. Á aðalfundi Icepro í febrúar s.l. tók Katrín Dóra Þorsteinsdóttir sæti í stjórn félagsins f.h. SI. SUT vísaði tilnefningunni frá sér þar sem mat stjórnar var að hagsmunir þeirra væru litlir umfram önnur fyrirtæki og fælist þá helst í svokallaðri skeytamiðlun. Elínrós Línadal tók sæti Katrínar Dóru á árinu, og mælist til þess að SUT taki sér sæti við borðið í hennar stað, þar sem málin eru sértæk og erfitt að gæta hagsmuna fyrirtækjanna SUT þar sem þátttakandi þarf að vera með þekkingu á tækifærum og hindrunum tengt rafrænum viðskiptum.

Íslandsstofa – fagrád hugverkaiðnaðar

Fagrád undir sviðinu iðnaður og þjónusta samanstendur af fulltrúum SUT ásamt öðrum hugverkagreinum. Út úr vinnunni hefur orðið til vefsvæðið www.smikjan.islandsstofa.is sem hefur að geyma verkfæraskistu, markaðsefni og upplýsingar um þjálfun sem fyrirtæki geta nýtt sér við markaðssetningu á erlenda markaði.



Hvað mætti gera betur?

SUT mætti fjölmenna ennþá betur á Lunch Code fundina, til að efla tengsl og samstöðu innan iðnaðarins. Eins gæti markaðsrannsókn SUT verið mjög gott mælaborð fyrir stjórnendur UT þá sér í lagi ef við fáum ennþá betri svörun og jafnvel dýpri spurningar um einstök atriði.

Stjórn SUT ef afar bjartsýn á framgang greinarinnar á næstu árum og væntir þess að samstarf félaganna á starfsvettvangi SUT megi verða til þess að árangur náist við að bæta starfsskilyrði UT fyrirtækjanna á Íslandi.

Fh stjórnar SUT,

Haukur Hannesson AGR